

Fjársjóður fjalla og fjarða

Skilaboð íbúapings í Reykhólahreppi

Mars 2025



Efnisyfirlit

Samantekt	1	7. Heilsa og hreyfing	18
1. Inngangur	3	7.1. Íþróttaaðstaða og íþróttæfingar	18
2. Forgangsöröðun	4	7.2. Lýðheilsa	19
3. Nýjar forsendur byggðar	5	8. Húsnæðismál	20
3.1. Heita vatnið, dýrmætasta auðlindin	6	8.1. Atvinnuhúsnæði	20
4. Arfleifð og saga	9	8.2. Samfélagshúsnæði	20
4.1. Saga og bókmenntir	9	8.3. Íbúðarhúsnæði	20
4.2. Flatey og eyjamenning	10	9. Framtíðarsýn, sérkenni og slagorð	21
4.3. Landslag og saga hefur mótað fólkið	10	10. Ferðapjónusta	22
5. Sjálfbær nýting auðlinda	11	10.1. Fjölbreytt ferðapjónusta	22
5.1. Vistkerfi og náttúra	11	10.2. Ferðamannatengdur landbúnaður	24
5.2. Ylrækt	12	10.3. Viðburðir	25
5.3. Sérfræðiþekking	13	11. Almennavarnir	26
6. Máttur og viðhorf íbúa	14	12. Sorpmál / Úrgangur	27
6.1. Gildi	14	13. Raddir unga fólksins	28
6.2. Afþreying og gleði	15	14. Reykhólahreppur árið 2040	29
6.3. Jafnvægi - hvernig höldum við í fólk?	15	15. Að lokum	32
6.4. Að ná til íbúa	17	16. Heimildir	34

Kærar þakkir fyrir ánægjulegt samstarf og virka þátttöku, til allra sem mættu á íbúáþingið í Reykhólahreppi og þeirra sem aðstoðuðu við framkvæmdina.

Helgina 22. – 23. mars 2025 var haldið íbúáþing í Reykhólahreppi og með því hófst þátttaka sveitarfélagsins í byggðaþróunarverkefninu *Brothættar byggðir*. Eitt af því sem þátttakendur á íbúáþingum í *Brothættum byggðum* gera, er að velja nafn fyrir verkefnið á sínu svæði. *Fjár sjóður fjalla og fjarða*, varð niðurstaðan fyrir verkefnið í Reykhólahreppi. Það reyndist vera fyrsta hending í vísu, sem varð til á þinginu og sjá má í inngangskaflanum hér á eftir. Á þinginu var sagt frá sýn grunnskólanemenda á framtíðina í Reykhólahreppi. Þingið var haldið í Grunnskólanum á Reykhólum. Veitingar voru í boði Byggðastofnunar en um þær sá með miklum sóma Árný Huld Haraldsdóttir ásamt sínu fólki, en hún rekur Búðina á Reykhólum.

Sigurborg Kr. Hannesdóttir, hjá ILDI, þjónustu og ráðgjöf, hafði umsjón með íbúáþinginu og þessari samantekt, í samstarfi við verkefnisstjórn. Ljósmynd á forsíðu og á síðu 32 tók Sveinn Ragnarsson, ásamt mynd á þessari síðu. Myndir sem merktar eru KPH, tók Kristján P. Halldórsson, hjá Byggðastofnun. Aðrar myndir eru frá ILDI. Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, sveitarstjóri Reykhólahrepps og Aðalsteinn Óskarsson hjá Fjórðungssambandi Vestfirðinga, ásamt Emblu Dögg Bachmann, verkefnisstjóra, fá þakkir fyrir aðstoð við upplýsingaöflun vegna samantektar.

Verkefnisstjórn mun starfa í þau fimm ár sem verkefnið stendur og eru þau á myndinni hér fyrir neðan, ásamt forstöðumanni þróunarsviðs hjá Byggðastofnun, verkefnisstjóra og umsjónarmanni íbúáþings.

Frá vinstri: Sigurborg Kr. Hannesdóttir, hjá ILDI, Aðalsteinn Óskarsson, Fjórðungssambandi Vestfirðinga, Guðlaug Guðmunda I. Bergsveinsdóttir, annar fulltrúi íbúa í verkefnisstjórn, Hrefna Jónsdóttir, fulltrúi Reykhólahrepps, Embla Dögg Bachmann, verkefnisstjóri, Vésteinn Tryggvason, fulltrúi íbúa, Kristján Þórhallur Halldórsson, Byggðastofnun, Sigríður Elín Þórðardóttir, forstöðumaður þróunarsviðs Byggðastofnunar og Helga Harðardóttir, Byggðastofnun.



Samantekt

Samfélagið í Reykhólahreppi hefur alla möguleika á að eflast á ýmsum sviðum. Heita vatnið, stærsta auðlind Reykhólahrepps, er vannýtt auðlind, en jafnframt sú allra mikilvægasta, til að styrkja byggð og atvinnulíf í sveitarfélaginu til framtíðar. Til að svo megi verða, er brýnt að endurskoða reglur um nýtingu og nýtingarrétt, að mati íbúa.

Þetta var meðal þess sem fram kom á tveggja daga íbúðingingu í Reykhólahreppi helgina 22. – 23. mars. Þingið markaði upphaf að þátttöku byggðarlagsins í verkefni Byggðastofnunar og samstarfsaðila, *Brothættum byggðum*.

Fjölmörg mál voru tekin til umræðu á íbúðinginu, í samtals 17 málefnaþópum og mun verða horft til allra málefna í mótun verkefnisáætlunar. Aldrei, í tengslum við verkefnið *Brothættar byggðir*, hefur verið jafn frjó og einlæg umræða á íbúðingingu, um samskipti og mátt íbúanna til að skapa gott samfélag.

Húsnæðismál voru íbúum ofarlega í huga, m.a. þörf fyrir íbúðarhúsnæði, atvinnuhúsnæði, til að stuðla að nýsköpun, en síðast en ekki síst húsnæði eða bætt aðstaða fyrir félagslíf, íþróttir og ýmsa viðburði. Meðal annars var velt upp möguleikum á einföldum breytingum til að nýta húsnæði sem þegar er til staðar.

Mikill áhugi er á bættri aðstöðu fyrir íþróttastarf til að skapa aukna fjölbreytni, eins og t.d. fyrir fótbolta, frjálsíþróttir og bogfimi.

Íbúar sjá mikil tækifæri í ferðaþjónustu, m.a. tengdri landbúnaði og var bent á mikilvægi gæða í uppbyggingu ferðaþjónustu. Rætt var um tækifæri tengd menningu og arfleifð og sérstöðu svæðisins hvort heldur horft er til lands eða sjávar, Breiðafjarðar, eyja og skerja, fjalla og dala eða búsetu og byggðar.



Ungt fólk lagði sitt af mörkum og kynntu tvær stúlkur á unglingastigi í Reykhólaskóla hugmyndir nemenda að framtíðarsýn fyrir Reykhólahrepp árið 2030. Þar var aukið þjónusta, fjölbreytt atvinnulíf og betri aðstaða fyrir leik, íþróttir og skemmtun, í brennidepli. Óhætt er að fullyrða að unga fólkið er framtíðin og að hugmyndir þeirra og kraftur muni án efa efla samfélagið í Reykhólahreppi til framtíðar.

Í framtíðardraumi íbúa fyrir árið 2040 blasir við samfélag þar sem nýting náttúruauðlinda hefur skapað fjölbreytt tækifæri í jafnvægi við náttúruvernd. Mannlíf iðar af gleði og fólk nýtur þess að upplifa jafnvægi í leik og starfi.

Reykhólahreppur er fimmtánda byggðarlagið þar sem unnið er eftir verklagi Byggðastofnunar, *Brothættar byggðir*. Vel var mætt til þings í blíðviðri, en 30-35 íbúar á breiðum aldri tóku þátt á þinginu auk fulltrúa frá Byggðastofnun, Vestfjarðastofu og annarra gesta.

Þinginu stýrði Sigurborg Kr. Hannesdóttir hjá ILDI. Að verkefninu standa, auk Byggðastofnunar, Reykhólahreppur, Vestfjarðastofa og íbúar í Reykhólahreppi og er verkefnisstjórn skipuð fulltrúum þessara aðila. Embla Dögg Bachmann hefur tekið til starfa sem verkefnisstjóri.

Markmið verkefnisins, sem hlaut nafnið *Fjársjóður fjalla og fjarða*, er að efla byggð, styrkja samheldni og skapa samfélag sem laðar að nýja íbúa og heldur tryggð við þá sem fyrir eru. Það byggir á þeirri trú að framtíðin sé í höndum íbúanna sjálfra – og að með samstöðu, gleði, framtakssemi og einstökum auðlindum, verði hægt að skapa lífsgæði og kraft í Reykhólahreppi til framtíðar.



1. Inngangur

Verklagið *Brothættar byggðir* var þróað af Byggðastofnun, til að veita byggðarlögum sem standa höllum fæti, stuðning til að auka viðnámsþrótt sinn. Aðferðinni var fyrst beitt á Raufarhöfn, árið 2012 og er Reykhólahreppur fimmtánda byggðarlagið sem fer inn í verkefnið.

Virkt samtal og samstarf við íbúa er hornsteinn verkefnisins, ásamt sterku baklandi viðkomandi sveitarfélaga og landshlutasamtaka á svæðinu. Fulltrúar þessara aðila skipa verkefnisstjórn. Venjulega hafa verkefni staðið í 4 ár, með möguleika á framlengingu um ár til viðbótar, en samningur um verkefnið í Reykhólahreppi, nær til 5 ára.

Í verkefnisáætlun segir svo um meginmarkmið verkefnisins *Brothættar byggðir*: „...að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins. Verkefnið miðar að viðtæku samráði og því að virkja þekkingu og getu íbúa byggðarlaga til að móta framtíðarsýn, markmið og lausnir. Þeim aðferðum sem er beitt er ætlað að stuðla að valdeflingu, (empowerment), sem birtist m.a. í fyrirkomulagi funda og í ferlinu í heild sinni.“¹

Á íbúáþing í Reykhólahreppi, sem var haldið í grunnskólanum á Reykhólum helgina 22. – 23. mars 2025, mættu 30-35 íbúar á breiðum aldri, auk fulltrúa frá Byggðastofnun, Vestfjarðastofu og fleiri gestum. Við setningu þingsins, sagði Sigríður Elín Þórðardóttir, forstöðumaður þróunarsviðs Byggðastofnunar frá verkefninu og hvatti heimamenn til dáða.

Síðan var viðstöddum boðið að stinga upp á umræðuefnum, samkvæmt aðferðinni „Opíð rými“ – Open Space Technology² sem notuð hefur verið frá upphafi á íbúáþingum, í verkefnum í „Brothættum byggðum“. Stungið var upp á 21 málefni, en sum þeirra rædd saman, svo úr urðu 17 umræðuhópar, þar sem hvert mál var tekið fyrir í u.þ.b. klukkustund. Þrír til fjórir hópar störfuðu í einu og gátu þátttakendur flutt sig milli hópa, til að geta rætt um öll þau málefni sem vöktu áhuga þeirra.

Á síðari degi þings var þátttakendum boðið í ferðalag, 15 ár fram í tímann og sá fólk þá fyrir sér byggð og samfélag í Reykhólahreppi árið 2040. Loks var málefnum forgangsraðað eftir mikilvægi og verkefninu valið nafn. Fyrir valinu varð heitið „Fjárjóður fjalla og fjarða“ og eftir að sú niðurstaða lá fyrir, kom í ljós að þetta reyndist vera fyrsta línan í ferskeytlu sem Erla Þórdís Reynisdóttir setti saman á þinginu:

*Fjárjóður fjalla og fjarða
hér finnur þú fegurð og frið,
auðlegð afls og jarða,
hver nýtir það nema við?*

Þingmönnum er boðið að koma í lok íbúáþinga, til að heyra helstu skilaboð og það þáði Ólafur Adolfsson, fyrsti þingmaður Norðvesturkjördæmis.

Samantekt þessi byggir á gögnum frá hópum og kaflaheiti fylgja að mestu leyti yfirskriftum á þeim umræðuefnum, sem þátttakendur á þinginu stungu upp á.

¹ Byggðastofnun (2017)

² Open Space World (e.d.)

2. Forgangsröðun

Á íbúðinginu störfuðu 17 umræðuhópar, sem ræddu þau málefni sem þátttakendur settu sjálfir á dagskrá. Fjölbreytni málefna var mikil, en öll standa þau hjörtum íbúa nær, sem vilja sjá farsæla framtíð í Reykhólahreppi.

Í lok þings voru niðurstöður allra hópa settar upp á vegg og fékk síðan hver þátttakandi 12 límmiðapunkta til að setja á málefnið, eftir sínu mati á mikilvægi þeirra.

Sjá má niðurstöður þessarar forgangsröðunar á myndinni:

Efst á listanum er *Heita vatnið*, með 29 punkta. Í þriðja sæti er svo *Nýting heita vatnsins til heilsubótar*, með 24 punkta. En þar inn á milli eru *Húsnæðismál* með 26 punkta, þ.e. íbúðar- og atvinnuhúsnæði, ásamt samkomu- eða samfélagshúsi af einhverju tagi. Á *Ylrækt*, sem ratar í 6. sæti voru settir 19 punktar. Á þessu sést glögg, að auknir möguleikar til nýtingar heita vatnsins er mikilvægasta, einstaka hagsmunamálið fyrir byggðapróun í Reykhólahreppi, að mati íbúa.


Íþróttaaðstaða og -æfingar fá mikið vægi, 23 punkta, í fjórða sæti. *Menning og arfleifð* sem grundvöllur nýsköpunar og atvinnutækifæra hlutu 19 punkta. Sautján punktar rötuðu svo á *löngarðar*.

Ferðapjónusta og *Ferðamannatengdur landbúnaður*, raðast í 11. og 13. sæti, með annars vegar 14 og hins vegar 12 punkta. Samfélagsleg málefni eru ofarlega, *Gildi* í 7. sæti með 18 punkta og *Lýðheilsa, afþreying og gleði*, í 9. sæti, með 17 punkta. *Jafnvægi – hvernig höldum við í fólk*, þar sem m.a. var rætt um jafnvægi milli atvinnu og einkalífs, vegur einnig nokkuð hátt í hugum íbúa, með 16 punkta í 10. sæti.

Eftir stendur þó, að ef frá er talið heita vatnið, raðast málefni mjög jafnt í þessum þetta „tröppugangi“ og rétt að gæta nokkurrar varkárni í túlkun á röð málefna.

Forgangsröðunin er ekki atkvæðagreiðsla, heldur aðeins viðleitni til að fá frá íbúum vísbendingu um mikilvægi málefna. Tilraun til að „setja puttann á púlsinn“. Niðurstöðurnar ráðast að sjálfsögðu alltaf af því hverjir eru á staðnum, þegar forgangsröðunin fer fram.

Öll málefni, óháð röðun eða punktafjölda eru tekin til skoðunar hjá verkefnisstjórn. Það sem síðan mun ráða því hvort verkefni verða að veruleika, eða mál komast á dagskrá, er ekki síst hvaða málefnum heimamenn eru tilbúnir að ljá krafta sína, á þeim fimm árum sem verkefnið stendur.



Mynd 1: Mat þátttakenda á mikilvægi málefna sem rædd voru á íbúðingni

3. Nýjar forsendur byggðar

Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands eru íbúar í Reykhólahreppi 246, þegar þetta er skrifað, þar af um helmingur í þorpinu á Reykhólum.

Þorpið á Reykhólum varð til þegar stofnuð var þar Þörungavinnslan hf., árið 1976 og síðan endurreist árið 1986 sem Þörungaverksmiðjan hf.³ Þetta gerðist í kjölfar setningar laga á Alþingi árið 1973, þar sem segir í fyrstu grein: „Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags, er reisi og reki verksmiðju að Reykhólum við Breiðafjörð til vinnslu á þörungum eða efnum úr þörungum.“⁴

Fyrir var á Reykhólum, tilraunastöð landbúnaðarins, þar sem m.a. fór fram kynbótastarf á sauðfé. Forsendur þorpsins á Reykhólum eru því nokkuð óvenjulegar í samanburði við önnur byggðarlög um landið.

Hluti af ákvörðuninni um stofnun þörungavinnslu, snerist um nýtingu jarðhita og var uppbygging og rekstur hitaveitu í höndum ríkisins, strax frá upphafi, ásamt lagningu vega og raflína að verksmiðjunni, sem staðsett er í Karlsey.

Á íbúáþinginu kom fram sterkt ákall um að jarðhitinn og þá sérstaklega affallsvarmi, nýtist betur fyrir nýsköpun og byggðaþróun. Einnig kom fram að til að auka lífsgæði á svæðinu, þurfi að skapa fleiri tækifæri til afþreyingar og samveru.

Segja má að skilaboð íbúáþingsins snúist um að skapa nýjar forsendur byggðar með auknum möguleikum á nýtingu auðlinda, sérstaklega jarðhitans. Þetta á ekki síst við um þorpið á Reykhólum, en jafnframt sjá íbúar fjölmarga möguleika til að nýta auðlindir, arfleifð og sögu til að skapa ný tækifæri í öllu sveitarfélaginu, til sjávar og sveita.

„Nýta heita vatnið betur í þágu íbúa“



³ Þörungaverksmiðjan (e.d.)

⁴ Þingskjöl um þörungavinnslu við Breiðafjörð (1973)

3.1. Heita vatnið, dýrmætasta auðlindin

Heita vatnið á Reykhólum er einstök auðlind, sem ber að nýta með hag íbúa, náttúru og framtíðar í huga. Þetta eru megin skilaboð þátttakenda á íbúapönginu.

Rætt var um þessa auðlind í tveimur hópum. Annars vegar var rætt um heita vatnið almennt og hins vegar var horft sérstaklega á nýtingu þess til heilsubótar. Hér er sagt frá því sem fram kom í báðum þessum hópum.

Þegar kom að forgangsörðun málefna í lok íbúapöngsins, fékk *Heita vatnið* flesta punkta, eða 29 og *Nýting heita vatnsins til heilsubótar* var í þriðja sæti í forgangsörðuninni, með 24 punkta.

Það gæti því ekki verið öllu greinilegra að íbúar telja, að nýting heita vatnsins muni skipta sköpum fyrir framtíð og þróun byggðar og samfélags í Reykhólahreppi.

Kallað var eftir því að nýta heita vatnið betur, í þágu íbúa. Til að svo megi verða, þarf að endurskoða núgildandi reglur um nýtingu og forgangsörðun, var sagt. Einnig kom fram að æskilegt væri að allur nýtingarréttur fari til baka til sveitarfélagsins eða að það yrði „sjálfseign“, eins og það var orðað. Þá var rætt um verðlagningu, bæði á nýtingu heita vatnsins og á dreifingu rafmagns.

Til skýringar, skal varpað ljósi á nýtingu heita vatnsins í dag. Íslenska ríkið er eigandi jarðhitaauðlindarinnar, en leyfishafar til nýtingar eru tveir, Þörmungaverksmiðjan á Reykhólum og Orkubú Vestfjarða. Þessir tveir aðilar hafa sitt hvorar borholurnar og sitt hvort kerfið. Af þessu leiðir að framtíðarnýting er háð samkomulagi þessara þriggja aðila. Þegar þetta er skrifað liggur erindi fyrir skipulagsnefnd Reykhólahrepps, frá Orkubúi Vestfjarða um að leggja ný rör frá borholu, í Karlsey, til að mæta þörfum Norðursalts (Norður & Co.).⁵ Það fyrirtæki hefur keypt heitt vatn af Orkubúinu sem gerði tímabundinn samning við Þörmungaverksmiðjuna um að nýta þeirra flutningskerfi.



⁵ Samkvæmt símtali við Ingibjörgu Birnu Erlingsdóttur, sveitarstjóra Reykhólahrepps, 07.04.2025.

Í úttekt á auðlindanýtingu og orkuskiptum í Reykhólahreppi, sem gerð var árið 2024, segir að „...frekari nýting þess jarðhita sem svæðið býr við, til græns iðnaðar og sjálfbærrar afurðaframleiðslu er háð því að samkomulag náist um nýtingu þess ónýtta affallsvarma (glatvarma) sem nú til fellur auk aukinna nýtingarheimilda jarðvarma á svæðinu.“⁶

Affallsvarminn er það sem rennur út í sjó frá Þörungaverksmiðjunni og Norðursalti. Í því sambandi má nefna að Þörungaverksmiðjan hefur áform um að bæta varmanýtingu til aukinnar framleiðslu á hráefni og er undirbúningur að þeim framkvæmdum hafinn.⁷

Umræðan á íbúáþinginu um nýtingu heita vatnsins, snerist bæði um að auka nýtingu almennt og að nýta affallsvarmann til að skapa atvinnutækifæri og styrkja byggðina.

Fram kom að samningar um þetta hafi tekið áratugi, en nú eru uppi vonir um að þeir séu að nást.

Þetta var m.a. nefnt:

- Nýta á þessa auðlind sem svæðið hefur upp á að bjóða, í bland við sjó og sjávarfang.
- Baðlón, gufa og pottar við sjóinn.
- Hverarúgbrauð og aðstaða fyrir bakstur - nýta í ferðaþjónustu og fyrir íbúa.
- Ylrækt.
- Sagan um nýtingu vatnsins og myndir með við staðina.

Einnig var fólki umhugað um að ekki væri verið að sóa vatninu og sagt: „Koma upp hringrásarkerfi til að tryggja sjálfbærari nýtingu vatnsins“.




⁶ Kjartan Þór Ragnarsson (2024), bls. 5

⁷ Samkvæmt símafunni með stjórnendum Þörungaverksmiðjunnar, Hlyni Stefánssyni, verksmiðjustjóra og Vésteini Tryggvasyni, skrifstofu- og mannauðsstjóra. 6. maí 2025.

Í samantekt um framtíðarsýn Reykhólahrepps um nýtingu jarðhita á Reykhólum, frá árinu 2023, kemur m.a. fram að meta þurfi afkastagetu jarðhitakerfisins á Reykhólum. Á þessu stigi virðist því ekki hægt að segja fyrir víst hversu mikið er til umráða, til viðbótar við það sem þegar er nýtt. Í sama plaggi segir: „Að lokum er það vilji sveitarstjórnar að nýtingarleyfishafar jarðhita á Reykhólum með aðkomu Reykhólahrepps muni taka ofangreind sjónarmið og framtíðarsýn hitaveitukerfis Reykhóla til gaumgæfilegrar skoðunar og gefa út sameiginlega viljayfirlýsingu um samstarf til framtíðar í anda sjálfbærni og sameiginlegra hagsmuna jarðhitasvæðisins og samfélagsuppbyggingar að Reykhólum.“⁸

Næstu skref

- Kanna hvort sé grundvöllur fyrir að semja betur um nýtingu á vatninu og nýta þar öll tengsl til aðstoðar.
- Stofna starfshóp íbúa um verkefnið, „Nýting heita vatnsins til heilsubótar“, þegar nýir samningar um nýtingu liggja fyrir.



Mynd 2: Tilraun til að sýna málefni og hugmyndir sem velta á aukinni nýtingu heita vatnsins á Reykhólum. Úrvinnsla á skilaboðum frá íbúabþinginu.

⁸ Kjartan Þór Ragnarsson (2024), bls. 28

4. Arfleifð og saga

Hópur sem ræddi um arfleifð og sögu kom víða við og ræddi meðal annars um sögu, bókmenntir og hvernig landslag og reynsla kynslóðanna hefur mótað fólk og samfélag, allt til dagsins í dag.

4.1. Saga og bókmenntir

Reykholahreppur á sér ríka og fjölbreytta sögu sem íbúar telja mikilvægt að miðla með markvissum hætti. Þetta getur verið liður í eflingu ferðapjónustu, en ekki síður í að styrkja sjálfsmýnd samfélagsins.

Mörg skáld eiga uppruna sinn í Reykholahreppi, svo sem Matthías Jochumson, Gestur Pálsson, Jón Thoroddsen og Játvarður Jökull Júlíusson.⁹ Þetta sjá heimamenn sem tækifæri.

Hópur sem ræddi um menningu og arfleifð, kortlagði helstu þætti í sögunni:

- Reykhólar á miðöldum. Ríkustu menn Íslands bjuggu á Reykhólum og voru með mikil umsvif og alþjóðatengingar.
- Kollabúðafundur, haldnir 1849-95. Þeim var ætlað að efla sjálfstæðisvitund landsmanna. Efst ábaugi voru mikilvæg landsmál og fornir siðir og íþróttir voru í hávegum hafðar. Á söguöld var þar einnig haldið Þorskafjarðarþing, annað tveggja vorþinga Vestfirðinga. Þingstaðurinn er friðlýstur.¹⁰
- Gull-Þóris saga, einnig kölluð Þorskfirðinga saga.
- Virkisvetur, söguleg skáldsaga eftir Björn Th. Björnsson. Söguviðið er byggðin umhverfis Breiðafjarðarbotn um miðbik 15. aldar.¹¹ Hópurinn talaði um að þar sé sagt frá fyrsta byssubardaganum hér á landi og kallaði söguna „Rómeó og Júlíu Íslands“.



⁹ Reykholahreppur.com (e.d.)

¹⁰ Ferdalag.is (e.d.)

¹¹ Þjóðviljinn 11. nóvember 1959

4.2. Flatey og eyjamenning

Löngum hefur verið talað um Breiðafjörð sem matarkistu og nefnt á íbúðinginu að þar gat fólk leitað ásjár. Í þessari ríku matarmenningu svæðisins felast tækifæri, „...sem má nota í ferðapjónustu“, eins og það var orðað.

Sérstaklega var talað um Oddbjarnarsker, sem tilheyrir svokölluðum Vestureyjum, en þar voru löngum margar verbúðir allt fram á 20 öld. Aðstæður voru þar sérlega ákjósanlegar, m.a. vegna þess að þar er að finna þrjú jarðhitauppstreymi.¹²

Þessu tengt, var rætt um eyjamenningu almennt og tækifæri til að „kynna búsetu og menningu við einstæðar aðstæður á Íslandi“. Meðal hugmynda var að skipuleggja siglingaleiðir og leiðsögn um eyjar og sker.

Flatey tilheyrir Reykhólahreppi og eins og fram kom í umræðum, var hún samgöngumiðstöð siglinga til og um Breiðafjörð. Eyjan var einnig miðstöð verslunar og „hér hittist fólkið“, eins og það var orðað. Sérstaklega var talað um gamla þorpið, gömlu miðjuna í Flatey.

Nefnt var, að Bátadagar, sem haldnir eru árlega á vegum Félags áhugamanna um Bátasafn Breiðafjarðar á Reykhólum, eru viðburður sem þar sem eyjamenningunni er haldið á lofti.

Þess ber að geta að í hópi þátttakenda á íbúðinginu, var enginn sem hefur búsetu eða á eignir í Flatey, sem þýddi að málefni eyjarnar, sem og annarra eyja innan Reykhólahrepps voru ekki rædd sérstaklega.

4.3. Landslag og saga hefur mótað fólkið

Aðstæður sem lýst hefur verið hér á undan, matarkistan Breiðafjörður, eyjasamfélag og eyjamenning og landslag og auðlindir, hafa mótað mannlíf og fólk allt til dagsins í dag, að mati þátttakenda. Þar var sérstaklega minnst á að lifa í sátt við náttúruna og að „hafa sopið seyðið af því“. Vísað var í margskonar hlunnindi og áhrif landbúnaðar á líf fólks í gegnum aldirnar, eins og til dæmis landbúnað og eyjabeit. Talað var um sauðkindina sem „...hélt í okkur lífinu“ og einnig minnst á rokið.

Spurt var: „Hvaða sögu segja örnefni?“.

Hópurinn sem fjallaði um *Sérkenni*, ræddi líka um staðareinkenni út frá tilfinningum, meðal annars og var þeim efst í huga ró og friður og þögn og öryggi, til dæmis gagnvart náttúruvá.

Grundvallarspurningunni, „Hver erum við?“, svaraði hópurinn svona:

- Kraftmikið og duglegt fólk.
- Stolt.
- Hjálpsemi.
- Blóðheitt fólk með mikla réttlætiskennd.
- Sterkar konur.
- Samtakamáttur þrátt fyrir blóðhitann.

„Að hafa lifað í sátt við náttúruna og sopið seyðið af því“

¹² Oddbjarnarsker (e.d.)

5. Sjálfbær nýting auðlinda

Þátttakendum á íbúðinginu varð tíðrætt um að gæta þurfi hófs í nýtingu auðlinda og bera virðingu fyrir umhverfi og vistkerfi. Þetta kom t.d. fram í umræðu um nýtingu heita vatnsins þar sem sagt var: „Koma upp hringrásarkerfi til að tryggja sjálfbærari nýtingu vatnsins“. Í umræðu um ferðaþjónustu var lögð áhersla á gæðaferðamennsku og að „ferðaþjónustan ætti að byggja á sérkennum svæðisins og bjóða upp á vandaða og eftirminnilega upplifun“.

Í umræðu um tækifæri í lífrænum landbúnaði var spurt: „Þyrfti að breyta skilgreiningum hér á landi, til að gera hann aðgengilegri og líkari því sem þekktist annarsstaðar?“.

Sama tón kvað við í hópi sem ræddi um sérkenni Reykhólahrepps.

5.1. Vistkerfi og náttúra

Sérkenni og sérstaða vistkerfis svæðisins, felst í fjölbreyttri náttúru, sögðu íbúar, sem lögðu mikla áherslu á að varðveita skuli viðkvæm og verðmæt vistkerfi. Sérstaklega var fjallað um þara og þang, hverir, eyjar og sker og haförninn, sem er einstök tegund og alfriðuð, eins og tekið var fram.

Það er í höndum samfélagsins að varðveita þessa einstöku náttúru, sögðu þátttakendur, en sjá þó engu að síður margþætt tækifæri til nýsköpunar, byggð á náttúrulegum auðlindum.

Spennandi er að geta boðið upp á sjálfbærar afurðir, var sagt, enda ætti „sjálfbærni að vera skylda“.

Meðal hugmynda var að skipuleggja öruggar gönguleiðir um hverina á svæðinu.

„Fjölbreytt og rík náttúra sem samfélagið þarf að varðveita.“



5.2. Ylrækt

Meðal þeirra tækifæra sem íbúar Reykhólahrepps sjá, vegna heita vatnsins, er aukin ylrækt. Skapa megi vakningu meðal íbúa og jafnvel laða að nýja íbúa vegna sjálfbærs lífsstíls sem ylræktin, ásamt fleiru, býr til. Þetta tengist, að mati þátttakenda, vitundarvakningu um gæði grænmetis fyrir heilsu og matvælaöryggi og að það væri spennandi markmið að „vera sjálfbær með grænmeti“, eins og það var orðað. Spurt var hvort nýta mætti affall af heita vatninu í húsum til ræktunar.

Ýmsir sáu t.d. fyrir sér gróðurskála með kaffihúsaaðstöðu og kom fram mikill áhugi á að búa til „samfélagsgróðurhús“. Það mætti t.d. vera hjá Hjúkrunarheimilinu Barmahlíð, sögðu þátttakendur og veltu fyrir sér hvort hægt væri að byggja gróðurskála út frá þakinu.

Þessa hugmynd um samfélagsgróðurhús og/eða -garð, bar á góma í nokkrum hópum á þinginu og m.a. nefnt að þar mætti e.t.v. hafa hænur.

Næstu skref

- Það þarf að laða að fleira fólk til að taka verkefni sem tengjast ylrækt, að sér.
- Samfélagsgróðurhús hjá Barmahlíð.
- Virkja skólann, til að skapa meiri áhuga á ylrækt frá unga aldri.
- Gæta þess að frágangur á nýbyggingum sé þannig að það sé auðvelt að byrja ræktun.

„Laða að nýbúa sem vilja lifa sjálfbæru lífi“



5.3. Sérfræðipekking

Það kom oft fram í umræðum á þinginu, að það vanti fleira fólk til að nýta þau fjölmörgu tækifæri sem Reykhólahreppur býr yfir. Meðal annars voru nefnd störf sem krefjast sérfræðipekkingar, sem gætu verið verkefni ýmist til lengri eða skemmri tíma.

Þetta var skráð niður í hópum:

- Ráða sagnfræðing til að grúska í sögunni og setja á blað.
- Ráða náttúrufræðing til að hjálpa með uppbyggingu fuglaskoðunar.

Fram kom hugmynd um fræðasetur og aðstöðu, fræðimannaíbúðir eða „residensíu“, fyrir fagfólk og var sérstaklega minnst á garðyrkjufraeðing, auk sagnfræðings og náttúrufræðings, eins og fram kom hér á undan. Þá fengi fólk ódýrari leigu meðan á dvölinni stæði en bæri í staðinn að halda fyrirlestra eða hafa kennslu fyrir íbúa.

Einnig var rætt um að ráða starfsmann í Þörungamiðstöðina, sem er sameiginlegt hlutafélag Reykhólahrepps og Þörungamiðstöðvarinnar hf., stofnað árið 2022.¹³

„Okkur vantar fleira fólk til að nýta tækifærin!“



¹³ Bæjarins besta (2022)

6. Máttur og viðhorf íbúa

Á engu íbúáþingi hefur farið fram jafn hreinskiptin og einlæg umræða um viðhorf og samskipti íbúa og það sem hver og einn getur lagt af mörkum til jákvæðs og sterks samfélags. Af þessu er freistandi að draga þá ályktun að íbúar Reykhólahrepps séu óvenju meðvitaðir um hversu mikið vægi þeir sjálfir hafa, í því að skapa gott samfélag.

6.1. Gildi

Einn hópur ræddi um gildi út frá því hvaða gildi íbúar vilja hafa að leiðarljósi í eigin samskiptum, til að skapa gott samfélag. Stungið var upp á því að setja upp „samfélagssáttmála“.

Meðal annars var talað um traust, stolt, samvinnu og samheldni og að leggja áherslu á hjálpsemi og vera örlát á viðurkenningu við aðra.

Jákvæðni er mikilvæg, sögðu þátttakendur; „ef þú hefur ekkert gott að segja um aðra, segðu þá ekkert.“. Æskilegt er að koma fram af hreinskilni og tala ekki niðrandi um aðra, heldur segja augliti til auglitis, það sem segja þarf. Minnt var á að orðið „gagnrýni“ þýðir að „rýna til gagns“.

Sögð var eftirfarandi saga: „Það er dálítið sem ég hef ekki sagt ykkur“, sagði hesturinn. „Hvað er það?“, sagði strákurinn. „Ég get flogið. En ég hætti, því hinir hestarnir urðu afbrýðisamir“. „Nú, en okkur þykir vænt um þig, hvort sem þú flýgur eða ekki“, sagði þá strákurinn. Og þar með fór hesturinn að fljúga.

Söguna bar á góma í umræðu um umburðarlyndi og sagð: „Leyfa fólkinu að fljúga“.

Hvatt var til frumkvæðis!

Að lokum lögðu þátttakendur áherslu á að hver og einn getur verið góð fyrirmynd með því að: „Koma fram við aðra eins og þú vilt að aðrir komi fram við þig.“.

Næstu skref

- Fara í stefnumótunarvinnu til að setja upp „samfélagssáttmála“.
- Skipuleggja „hrósvikur“ í sveitarfélaginu.
- Taka eftir góðum hlutum og hafa orð á því.
- Hvernig búum við til pláss fyrir alla?
- Fara eftir þessum gildum í gerðum! Ekki bara í orðum!

„Ef þú hefur ekkert gott að segja um aðra, segðu þá ekkert.“

6.2. Afþreying og gleði

Þrjú umræðuefni voru rædd samhliða í einum hópi, *Lýðheilsa, afþreying og gleði*, enda málefnið nátengd. Fjallað er um skilaboð hópsins um lýðheilsu í kafla 7.2 hér á eftir.

Sett var fram þessi lykilsurning: „Hvernig leggjum við grunn að hamingju?“. Þar skiptir máli að fjölga valmöguleikum, að mati hópsins, sem ekki aðeins eykur fjölbreytni, heldur eykur líkurnar á að sem flestir finni eitthvað við sitt hæfi og líði þ.a.l. vel í sveitarfélaginu.

Fram kom hugmynd um að skipuleggja heimsóknir starfsfólks milli vinnustaða, sem fólk var mjög spennt fyrir. Einnig var hvatt til metnaðar í því að bjóða til afmælisfagnaða og sagt „allir halda upp á afmælið sitt“.

Niðurstöðu hópsins má draga saman í þessari setningu, sem rataði á blað: „Gleði er meðvituð ákvörðun“.

6.3. Jafnvægi - hvernig höldum við í fólk?


Í umræðum á þinginu kom fram að íbúar í Reykhólahreppi vinni mikið og gefi sér ekki mikinn tíma í félagsstarf og afþreyingu. Að þessu þurfi að huga, til að fólk finni hið gullna jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Ella sé hætt á að fólk gefist upp og flytji í burtu.

Þetta var rætt sérstaklega í einum hópi undir yfirskriftinni *Jafnvægi – hvernig höldum við í fólk?*.

Hér, líkt og í fleiri hópum var kallað eftir húsnaði fyrir alla aldurshópa, þar sem fólk getur komið saman, félagsheimili eða samfélagsmiðstöð – og helst með útisvæði.

Fram komu hugmyndir að viðburðum, svo sem hannyrðakvöld og klúbbastarf. Áhugi er á að gera eitthvað á sumardaginn fyrsta og m.a. stungið upp á að endurvekja Barmahlíðardaginn svokallaða sem haldinn var þann dag, en lagðist af. Þá var opið hús á hjúkrunarheimilinu Barmahlíð og ýmsir viðburðir á svæðinu.¹⁴

Bent var á að ekki ætti að „...kjósa nýtt fólk í þorablótsnefnd, nema vera viss um að þau vilji“.



¹⁴ Reykhólahreppur, eldri vefur (e.d.)

Umræðurnar snerust síðan um viðhorf, bæði einstaklinga og samfélagsins alls og „mikilvægt að samfélagið taki vel utan um alla“. Rætt var um að lyfta því jákvæða og að allir ættu að fara í naflaskoðun, líta í eigin barm. Sagt var „Vellíðan skiptir öllu“.

Komið var inn á aðgengi að þjónustu og mikilvægi menningarlífs sem þátt í því að halda í fólki: „Við viljum að fólk velji að vera hér“, eins og það var orðað. Hins vegar varðandi ungt fólk, sagðist fólk vilja að þau „...fari og sjái heiminn og komi svo sterkari til baka“.

Næstu skref

- Stofna menningarfélag/nefnd/skemmtifélag og hafa stjórn og varastjórn.
- Taka höndum saman um að finna jákvæða punkta og halda þeim á lofti.
- Veggspjöld um jákvæðni.
- Blanda hópum betur saman.

„Við viljum að fólk velji að vera hér“



6.4. Að ná til íbúa

Hópur sem velti fyrir sér hvaða leiðir væru bestar til að ná til íbúa, varpaði fram allskonar hugmyndum, þar sem tekið var tillit til ólíkra þarfa fólks og aðgengi að upplýsingum, meðal annars eftir því á hvaða aldri fólk er.

Ýmsir miðlar eru í boði, svo sem Facebook, X/Twitter, Snapchat, Instagram, TikTok, tölvupóstur og heimasíða, var sagt. Stungið var upp á að búa til TikTok og/eða Instagram síður fyrir Reykhólahrepp. Einnig að hafa vef sveitarfélagsins, reykholar.is sýnilegri síðu, til dæmis í búðinni eða skólanum.

Áður var notast við dreifibréf, en fram kom að þau eru ekki lengur auðveldur möguleiki vegna kostnaðar. Þátttakendur veltu m.a. fyrir sér hvort hægt væri að senda „hóp“ sms sendingar á alla innan sveitarfélagsins. Þá kom fram hugmynd um einhvers konar tengiliða kerfi („buddy“), fyrir þau sem eru ekki á neinum samfélagsmiðlum, svo þau séu látin vita þegar eitthvað er um að vera. Ýmsar slíkar „maður á mann“ aðferðir geta verið aðgengilegri í fámennum samfélögum.

Fram kom hugmynd um „gamaldags forum/spjallborð“.

Rætt var sérstaklega um móttöku nýrra íbúa og mælt með að búa til efni á fleiri tungumálum fyrir nýliða á svæðinu, með helstu upplýsingum eða „jafnvel hafa móttökufulltrúa til að taka á móti þeim“.

Loks var rætt um mikilvægi samveru til að þetta samfélagið og stungið upp á að stofna gönguhóp og standa fyrir viðburðum, eins og matarmenningarhátíð, þjóðbúningadegi og menningarhátíðum.

Í lokin, þegar spurt var um næstu skref, var sagt: „Lítið um eiginlegar niðurstöður. Hvernig er auðveldast að ná til allra sem búa í sveitarfélaginu?“.

Einnig velti hópurinn því fyrir sér hver eigi að taka þetta að sér og taldi að „það þyrfti helst að ráða einhvern sem fengi titilinn hópeflinga-/samkvæmis- eða upplýsingafulltrúi, sem tæki að sér að miðla áfram til íbúa svæðisins, senda sms, peppa fólk upp og svo framvegis.“.



7. Heilsa og hreyfing

Einn af rauðu þráðunum í umræðum á íbúabpinginu er draumur um lífsstíl, sem snýst um fleira en vinnu. Heilsa og hreyfing skipa þar stóran sess, að mati þátttakenda. Rætt var um *Íþróttaaðstöðu og íþróttæfingar* í einum hópi og annar talaði um *Lýðheilsu, afþreyingu og gleði*. Horft var bæði til ungra og aldinna.

Hér er fjallað um það sem fram kom í þessum hópum um heilsu og hreyfingu.

7.1. Íþróttaaðstaða og íþróttæfingar

Stungið var upp á umræðu um íþróttaaðstöðu annars vegar og íþróttæfingar hins vegar, en þetta síðan rætt í einum hópi. Kallað var eftir bættri aðstöðu fyrir ýmsar íþróttagreinir, en ekki er síður áhugi á að auka fjölbreytni í framboði og iðkun, ásamt því að efla Ungmennafélagið Aftureldingu.

Brýnt er að koma upp nýju svæði fyrir fótbolta og/eða frjálsíþróttavöll, var sagt. Einnig sáu þátttakendur mörg spennandi tækifæri í sambandi við sund, t.d. skipulagðar sundæfingar og sundmót, ásamt ungbarnasundi. Sagt var: „Láta verða af því að setja buslulaug í Grettislaug þar sem laugin er vel sótt og oft ansi þröngt í pottunum“.

Bent var á að setja þurfi skilrúm í íþróttahúsið (tjöld) og bæta hljóðvist í anddyri hússins og stungið var upp á að aðskilja íþróttahúsið betur frá skólanum. Þá var kallað eftir húsnæði fyrir „minni“ íþróttir og viðburði. Í Reykhólahreppi eru nokkrir sem stunda bogfimi og kom fram áhugi á að koma upp húsi fyrir þá íþrótt og varpað var fram hugmynd um klifurvegg. Einnig kom fram að gott væri að geta boðið upp á aðstöðu fyrir sjúkrabjálfun og ýmsa slíka þjónustu.

Í kraftmikilli umræðu, veltu þátttakendur líka upp möguleikum til hreyfingar og útivistar, bæði sumar og vetur. Þar má nefna úti- líkamsrækt, kajak, hjóltreiddar, sjósundaðstöðu með gufu og potti og gönguskíðasvæði.

Þá kom fram áhugi á að boðið verði upp á æfingar fyrir fullorðna, ásamt ósk um samfélags / frístunda akstur.

Næstu skref

- Húsnæði til að bæta íþróttaaðstöðu.
- Stærri og sterkari stjórn fyrir UMFA og koma samstarfi í gang með verkefnisstjóra.

„Mörg spennandi tækifæri í sambandi við sund.“

7.2. Lýðheilsa

Hópur sem ræddi um *Lýðheilsu, affreyingu og gleði*, skoðaði m.a. skilgreiningu á lýðheilsu, en á vefnum island.is, segir: „Lýðheilsa er samheiti yfir heilsuvernd og forvarnir. Lýðheilsustarf miðar að því að viðhalda og bæta heilbrigði fólks og byggist á samstarfi ólíkra fræðigreina og tekur meðal annars til félags-, umhverfis- og efnahagsmála.“¹⁵

Hópurinn velti upp fjölbreyttum leiðum til að hvetja til hreyfingar og var meðal annars talað um „hopp“ reiðhjól og „hopp“ kajak, í skammtímaleigu. Einnig var stungið upp á að halda hjólaskiptimarkað og bent á að hægt er að „hlaða símann með því að hjóla“. Þá kom fram hugmynd um „græjubanka“, sem væntanlega vísar til staðar þar sem hægt væri að fá tæki að láni, líkt og er að gerast í vaxandi mæli í bókasöfnum á stærri stöðum.

Fram komu hugmyndir um „Hreyfingagarð“, þar sem væru hjólabretti, útitæki, parkour og klifur.

Bent var á ýmsar úrbætur í skipulagsmálum og framkvæmdum sem gætu aukið hreyfingu, bæði sumar og vetur:

- Hiti í gangstéttir.
- Betri gönguleiðir.
- Snjómokstur.
- Loka bílplani við skólann.

Þannig gætu Reykhólar orðið „göngumiðað samfélag“, eins og það var orðað. Einnig kom fram uppástunga um gönguleiðakort fyrir gönguleiðir vítt og breitt í sveitarfélaginu.

Varðandi forvarnir lagði hópurinn áherslu á að gerð verði forvarnaáætlun. Í því sambandi áréttuðu þátttakendur mikilvægi íþróttar og tómstunda og samveru með foreldrum.



¹⁵ Island.is (e.d.)

8. Húsnæðismál

Í hópi sem ræddi um húsnæðismál, var allt undir, íbúðarhúsnæði, húsnæði fyrir atvinnusköpun, íþróttir, almannavarnir og samveru. Spurt var hvort e.t.v. væri hægt að stuðla að uppbyggingu með frestun gjalda vegna bygginga. Þar er væntanlega vísað til gjalda sem sveitarfélögum ber að innheimta, en auk gatnagerðargjalda eru það byggingarleyfis-, framkvæmda-, skipulags- og þjónustugjöld.¹⁶

Einn hópur fjallaði sérstaklega um iðngarða og eru hans niðurstöður hér með, ásamt punktum úr fleiri hópum.

8.1. Atvinnuhúsnæði

Fram kom mikill áhugi á að byggja húsnæði undir nýsköpunarmiðstöð og þar m.a. vísað til áforma um uppbyggingu atvinnuhúsnæðis í Dalabyggð. Bent var á að með slíkri uppbyggingu myndu opnast möguleikar á að bæta aðstöðu fyrir almannavarnir; slökkvilið og fleira.

Stungið var upp á einhvers konar „hexagon“ hönnun.

Iðngarðar gætu stutt við margvíslega atvinnusköpun og þróun, eins og til dæmis í landbúnaði og þar var talað um áburð, köfnunarefni og fullvinnslu hráefna. Einnig var rætt um atvinnutækifæri í grænmetisræktun, ræktun þangs og þara og kræklingarækt og í því sambandi var stungið upp á að „fá tæki til rannsókna, til Reykhólahrepps

8.2. Samfélagshúsnæði

Á íbúðapönginu var mikið var rætt um vöntun á félagsaðstöðu, sem beinlínis háí félagslífi íbúa og jákvæðri samfélagsþróun. Stungið var upp á að gera nýjar útidyr á bókasafnið, svo hægt væri að ganga beint þar inn í stað þess að fara í gegnum skólann. Þannig gæti það rými nýst betur fyrir félagslíf.

Í umræðu um einhvers konar samkomuhús, í hópi sem ræddi um *Lýðheilsu, afþreyingu og gleði*, var sagt: „Vantar húsnæði til að aðskilja vinnustaði og afþreyingu: Samkomuhús, skrifstofur“.

8.3. Íbúðarhúsnæði

Nú eru leiguíbúðir í byggingu á Reykhólum og lýstu þátttakendur ánægju með það þarfa framtak. Í framhaldinu var rætt um þessa tvo mismunandi kosti, að eiga íbúðarhúsnæði eða leigja og töldu ýmsir æskilegt að auðvelda fólki, sem það vill, að eignast sitt eigið húsnæði.

Umræðan um íbúðar- og atvinnuhúsnæði fléttaðist saman í vangaveltum um hvort mætti fjölga iðnaðarmönnum á svæðinu til að hraða uppbyggingu með því að grípa nýútskrifaða og vera með aðstöðu fyrir þá í atvinnuhúsnæði.

Næstu skref

- Iðngarðar; nýta þau gögn og reynslu sem þegar eru til, bæði hjá Reykhólahreppi og í Dalabyggð.
- Skapa aðstöðu fyrir iðnaðarmenn - atvinnuhúsnæði.
- Ráða starfsmann í Þörungamiðstöðina.

¹⁶ Reykhólahreppur (e.d.)

9. Framtíðarsýn, sérkenni og slagorð

Tveimur umræðuefnum sem stungið var upp á, *Framtíðarsýn* og svo *Slagorð*, var slegið saman í einn umræðuhóp. Einnig starfaði hópur sem kortlagði helstu *Sérkenni* Reykhólahrepps. Hann horfði til fjögurra þátta; vistkerfis, ferðaþjónustu, annarrar atvinnu og til þess sem kallað var staðareinkenni. Hluta af niðurstöðum þess hóps er einnig að finna í öðrum köflum.

Auk þess að geta nýst sem efniviður í allskyns sköpun, hugmyndavinnu og markaðssetningu, getur afrakstur þessarar umræðu tengst stefnumótun fyrir Vestfjarðasvæðið í heild. Má þar nefna Sóknaráætlun varðandi menningarmál og Svæðisskipulag Vestfjarða, sem nú er í vinnslu. Í umræðum um framtíð og stefnumótun var á þinginu m.a. vísað til Strandsvæðaskipulags á Vestfjörðum, sem samþykkt var í mars 2023, en í því felst samkomulag um nýtingu og verndun strandsvæða.

Í framtíðarsýninni sem kom fram hjá hópnum, skipti nýting heita vatnsins sköpum og lögð áhersla á að „auðlindir á svæðinu verði eignir samfélagsins (heitt vatn). „Við sjáum fyrir okkur heilsuþorp, með heilsubaðstað“, var sagt og m.a. stungið upp á að auka gistiaðstöðu fyrir ferðamenn. Fram kom mikill áhugi á að auka grænmetisræktun og einnig var rætt um möguleika í býflugnarækt. Og fleiri atvinnutækifæri bar á góma í framtíðarsýninni, til dæmis meiri þróun eða nýtingu þörunga.

Draumurinn er að fjölskyldufólki fjölgi í sveitarfélaginu. Jafnframt vildi fólk „sjá hjúkrunarheimilið Barmahlíð „margeflast“ og stungið upp á að nota heita vatnið meira fyrir eldri borgara, eins og t.d. í garðhýsi.

Kallað var eftir sterkari samfélagsábyrgð hjá fyrirtækjum og sveitarfélagi. Einnig kom fram áhugi á að hlúa betur að umhverfinu og stungið upp á að hafa keppni um fallegasta garðinn.

Rætt var um slagorðið „Unaður augans“, sem valið var fyrir Reykhólahrepp fyrir einhverjum árum og talað um að nýta það betur, m.a. með merki hreppsins. En einnig komu fram efasemdir um þetta slagorð og spurt hvort ætti frekar að finna nýtt slagorð. Stungið var upp á að gera Vaðalfjöll að „formlegu bæjar- / staðarfjalli“.

Reykhólahreppur er „hliðið að Vestfjörðum“, eins og það var orðað og var stungið upp á að gera bogahlíð á mörkum Dalabyggðar og Reykhólahrepps, til að undirstrika þessa staðsetningu byggðarlagsins.

Umræðunni um framtíðarsýn og slagorð lauk svo með þessum orðum: „Förum alla leið!“.



10. Ferðapjónusta

Fram kom á þinginu að í Reykhólahreppi vanti ekki atvinnu, heldur vanti fleira fólk, til að vinna hin ýmsu störf. Það kemur því ekki á óvart að ekki varð mikil umræða um atvinnumál sem slík, nema þá helst þau tækifæri sem íbúar sjá á sviði ferðapjónustu.

Einn hópur ræddi málefnið *Ferðapjónusta* og annar um *Ferðamannatengdan landbúnað*. Einnig var komið inn á ýmislegt sem tengist ferðapjónustu í fleiri hópum þar sem t.d. var rættum *Sérkenni* annars vegar og *Menningu og arfleifð* hins vegar.

10.1. Fjölbreytt ferðapjónusta

Leggja þarf meiri áherslu á gæði en magn, að mati þátttakenda, sem notuðu hugtakið „gæðaferðamennska“ sem útgangspunkt.

Ferðapjónustan ætti að byggja á sérkennum svæðisins og bjóða upp á vandaða og eftirminnilega upplifun.

Komið var víða við og stungið upp á að greina megin markhópa í ferðapjónustu. Einnig var bent á tækifæri sem felast í að höfða til íslenskra eldri borgara.

Ýmsar hugmyndir rötuðu á blað:

Náttúra og saga

- Sérkenni, svo sem hlunnindi (fullvinnsla), bátamenning (súðbirðingur) og saga sveitarfélagsins.
- Uppbygging sögutengdrar gönguleiðar (Geirmundur Heljarskinn).
- Siglingar og skoðunarferðir á báti.
- Flateyjarferðir/eyjamenning.
- Fugla- og náttúruskoðun.
- „Söguleg fjársjóðsleit“ með QR kóða.



Hreyfing, útivist og heilsutengd ferðaþjónusta

- Hjólaferðamennska.
- Fjórhjólaferðir.
- Kajakferðir.
- Sjóböð og heilsuþöð.

Afþreying og upplifun

- Matarmenning; upplifun af að búa til hverabrauð.
- Broddurinn (broddmjólk).

Næstu skref

- Styrkir og starfsfólk í merkingar leiða.
- Styrkir og starfsfólk til að búa til kynningarefni og auglýsa.
- Hópur sem heldur utan um og miðlar sögu sveitarfélagsins.
- Ráða sagnfræðing til að grúska í sögunni og setja á blað.
- Ráða náttúrufræðing til að hjálpa með uppbyggingu fuglaskoðunar.
- Uppbygging á aðstöðu og þjónustu.

„Ferðaþjónustan ætti að byggja á sérkennum svæðisins og bjóða upp á vandaða og eftirminnilega upplifun.“



10.2. Ferðamannatengdur landbúnaður

Hópurinn sem kortlagði tækifæri í ferðamannatengdum landbúnaði, horfði aðallega til þess að bjóða ferðafólki að taka virkan þátt í því sem þegar er í gangi í sveitastörfum. Áherslan væri á upplifun og ferðamenn tilbúnir að borga fyrir að upplifa sveitina. Inn í þetta mætti flétta fræðslu og sögur til að dýpka upplifunina enn frekar, var sagt.

Rætt var um árstíðatengdar upplifanir, til dæmis sauðburð, heimalninga, smalamennsku og réttir, fjallagrös, berja- og sveppamó. Á bæjum sem eru með kýr, væri hægt að bjóða fólki að kynnast mjóltum og að reka inn á sumrin. Íslenski hesturinn nýtur mikilla vinsælda víða um heim og voru viðraðar hugmyndir um að fræða um hestinn og bjóða fólki að fara á bak. Einnig var rætt um möguleika tengda æðarvarpi, dúntekju og dúninum.

Bent var á að það mætti líka búa til afþreyingu sem væri sérstaklega ætluð ferðamönnum. Til dæmis væri hægt „að setja á svið“ ýmis gömul vinnubrögð, svo sem slátt og heyverkun með orfi og ljá, hrífu, reipum, hestum og bátum. Til þess þurfi að þjálfa fólk og þannig viðhalda reynslu og kunnáttu sem óðum heyrir sögunni til.

Þá var stungið upp á að búa til sögustund í baðstofu (torfbæ) og leyfa fólki að upplifa alvöru baðstofustemningu.

Meðal þess sem tilheyrir fræðslu væri að „kenna ferðamönnum hvernig landbúnaður og náttúra geta unnið saman“, eins og það var orðað.

Þátttakendur ræddu um þá uppbyggingu sem orðið hefur í Ólafsdal á vegum Ólafsdalsfélagsins og Minjaverndar og spáðu í hvað væri hægt að læra af þeirri reynslu.

Spurt var hvort þurfi mörg leyfi og því tengt hvort möguleg innganga Íslands í Evrópusambandið myndi flækja eða auðvelda leyfisferli.

Næstu skref

- Markaðsgreining? Er svipað fyrirkomulag til í öðrum löndum nú þegar?
- Áætlanagerð, viðskiptaáætlun.
- Hver eru helstu vandamálín sem gætu komið upp?

„Kenna ferðamönnum hvernig landbúnaður og náttúra geta unnið saman.“

10.3. Viđburđir

Liður í því að sækja fram á sviði ferðapjónustu, er að fjölga viðburðum og efla og markaðssetja þá sem fyrir eru, var sagt á þinginu. En það snýst ekki aðeins um að búa til eitthvað skemmtilegt fyrir ferðamenn, heldur ekki síður til að þjappa íbúum saman og þannig styrkja samfélagið.

Bæjarhátíð Reykhólahrepps, kallast Reykhóladagar og er haldin árlega, um miðjan ágúst. Sagt var: „Reykhóladagar, bæjarhátíð sem þarf að efla á ný“.


Félag áhugamanna um Bátasafn Breiðafjarðar á Reykhólum, stendur að „Bátadögum Breiðafjarðar“, að jafnaði, fyrstu helgi í júlí. Þá er siglt um Breiðafjörð á súðbyrðingum og öðrum bátum. Rætt var um þennan viðburð og sagt að bátadagar sameini áhugamál og sameini byggðir við Breiðafjörð.¹⁷

Einnig var rætt um að endurvekja „Barmhlíðardaginn“, á sumardaginn fyrsta, sbr. kafla 6.3. hér á undan.

Ræddar voru hugmyndir um menningarhátíð og þar komið inn á matarmenningarhátíð og þjóðbúningadag. Einnig mætti halda góugleði, sögðu þátttakendur.

Þá var stungið upp á að stofna til rokkhátíða sem mætti kalla „Þungarokshátíð“, með tilvísun í rokið í Reykólahreppi.

„Höldum þungarok(k)shátíð!“



¹⁷ Bátadagar á Breiðafirði (e.d.)

11. Almannaðarnir

Í umræðu um almannaðarnir kom fram að staðsetning slökkvistöðvar sé óheppileg, því aka þarf í gegnum þorpið á Reykhólum. Hún er „á versta stað“, var sagt. Einnig að þörf sé á ýmsum endurbótum á húsnæðinu, eða eins og það var orðað: „Þurfum húsnæði og nýja staðsetningu“.

Íbúar hafa áhyggjur af því ef verða stóráföll, þar sem t.d. þarf að halda utan um fjöldahjálparstöð og bentu á að þar vanti áætlun og verklag. Stungið var upp á að virkja Rauða krossinn á svæðinu, en ein deild starfar í Strandasýslu og önnur í Barðastrandarsýslu. Varpað var fram spurningu um hvort félagasamtök innan sveitarfélagsins gætu mögulega stigið þar sterkar inn.

Í Reykhólahreppi starfar Björgunarsveitin Heimamenn og kom upp hugmynd um að stofna unglingadeild innan hennar.

Reykhólahreppur er í umdæmi Heilbrigðisstofnunar Vesturlands og eru sjúkrabílar í Búðardal og á Hólmavík. Um klukkustundar akstur er til Reykhóla og vel rúmlega það til Gufudals og Skálaness.

Reykhólahreppur er í umdæmi Lögreglustjórans á Vestfjörðum og er lögreglustöð á Hólmavík og á Patreksfirði, þaðan sem viðbragð kemur eftir því hvar í umdæminu atburður á sér stað.

Það mæðir því mikið á vettvangsliðum í bið eftir aðstoð hvaðan sem hún kemur.¹⁸

Fram kom áhugi á að fleiri úr hópi heimamanna fái þjálfun vettvangsliða, sem fer fram hjá sjúkraflutningaskólanum.

Á vef skólans segir:

„Námskeiðið er fyrir einstaklinga sem eru líklegir til að verða fyrstir á vettvang slysa s.s. lögreglu-, slökkviliðs- og björgunarsveitarmenn og þeir sem þurfa, starfa sinna vegna, að hafa dýpri þekkingu og þjálfun í meðhöndlun slasaðra og/eða bráðveikra. Markmiðið er að nemendur verði færir um að veita fyrstu bráðapjónustu áður en sjúkraflutningamenn koma á staðinn og vinna með sjúkraflutningamönnum á vettvangi.“¹⁹

Íbúum þykir of langt í sjúkrabifreið og lögreglu og veltu fyrir sér hvernig hægt væri að fá ríkið til að gera betur í þeim málum.

Næstu skref

- Útbúa starfshóp þeirra sem koma að almannaðörnum.
- Vinna þarfagreiningu á sviði almannaðarna.
- Athuga áhuga félagasamtaka á að taka að sér hópslysaviðbragð t.d. kvenfélagið.
- Skoða samstarf um sjúkraflutninga.

¹⁸ Samkvæmt upplýsingum í tölvupósti frá sveitarstjóra Reykhólahrepps, 09.04.2025

¹⁹ Sjúkraflutningaskólinn (e.d.)

12. Sorpmál / Úrgangur

Stungið var upp á umræðu um úrgang og þá fyrst og fremst vísað til sorpmála. Þar vildi fólk sjá endurbætur og framfarir, enda metnaður fyrir málaflokknum og ásýnd þorpsins á Reykhólum og sveitarfélagsins alls.

Fram kom að fólki þyki léleg þjónusta hjá núverandi sorphirðuaðila og að of langt líði milli þess að tunnur séu tæmdar. Spurt var hvort betra sé að leita ráða hjá nágrennasveitarfélagi, Strandabyggð og sagt að þar sé „...starfrækt þeirra eigin sorphirða með góðum árangri“.

„Er skylda að nota brúnu lífrænu tunnuna?“, var spurt. Bent var á að ekki allir noti hana og vilji því ekki vera rukkaðir fyrir notkun. Ýmsir töldu jafnvel betra að „hafa moltugerð niðri á gámasvæði þar sem íbúar gætu skilað úrgangi frá heimilum sínum og sótt sér tilbúna moltu fyrir garðinn“. Í þessu sambandi kom fram að á gámasvæði sé moltugerðarvél sem ekki hafi verið í notkun lengi.

Loks var kallað eftir því að koma pappapressu á gámasvæði, aftur í notkun.

Næstu skref

- Endurskoða sorpmál í hreppnum í samstarfi við sveitarfélag.
- Koma tækjum og tólum á gámasvæði, aftur í notkun (pressa og moltugerðarvél).

„Þarf að endurskoða sorpmál í hreppnum.“



13. Raddir unga fólksins

Fyrir þingið fór verkefnisstjórnin í grunnskólann og spurði nemendur hvernig þau sæju Reykhólahrepp fyrir sér árið 2030.


Hugmyndir þeirra voru síðan settar upp á eitt plakat, en þar má m.a. sjá óskir um að byggðin stækki, húsunum fjölgi og þjónusta eflist. Meðal þess sem þau dreymir um eru ýmsar verslanir og þjónusta, eins og Krónan, bakarí, handavinnubúð, ísbúð, skóbúð, fatabúð, veiðibúð, hárgreiðslustofa og kaffihús. Þau vilja stærri og betri leikvöll, með aparölu. Mikill áhugi er á bættri aðstöðu fyrir allskyns íþróttir og að efla íþróttastarf almennt. Þar nefndu þau körfuboltaæfingar, frjálsíþróttir, stærri líkamsrækt, fimleika, nýja sundlaug með stærri pottum og fleira dóti, vaðlaug og sánu, bogfimaðstöðu, ballett, skautahöll, golfvöll og minigolf, box aðstöðu, drift braut og krossarabraut. Þarna voru líka draumar um bætta aðstöðu til að stunda hestamennsku; reiðhöll, reiðskóli og reiðleiðir. Einnig félagshesthús og félagsfjárhús.

Krakkarnir vildu sjá aukna afþreyingu fyrir alla aldurshópa og á blað rataði m.a. skemmtigarður, skemmtistaðir, bíó og leikjamaðstöð (gaming centre).

Einnig bar heilbrigðisþjónustu á góma, ásamt umræðu um samgöngur, strætó og betri og upphitaðar gangstéttir.

Kallað var eftir endurbótum á Hjúkrunarheimilinu Barmahlíð og horft til ýmissa atvinnutækifæra, eins og að komið verði upp rannsóknarstofu, sláturhúsi í Króksfjarðarnesi og hóteli. Þá var viðruð hugmynd um flóttaleik, eða „Reykhólar Escape“. Síðast en ekki síst vildu nemendur hafa meira úrval af verkefnum í unglíngavinnunni.

Á þinginu kynntu tvær stúlkur á unglíngastigi skilaboð nemenda og sögðu frá því sem þeim finnst gott við að búa í Reykhólahreppi, en þar vegur þyngst, að þeirra mati, að fólk færi að vera það sjálft og öllum er tekið, eins og þau eru.



14. Reykhólahreppur árið 2040

Undir lok þingsins á síðari deginum, sunnudegi, voru þátttakendur leiddir í ferðalag inn í framtíðina, þar sem þeir sáu fyrir sér stöðuna í Reykhólahreppi árið 2040, eða að 15 árum liðnum.

Aðeins einn þátttakandi sá engar breytingar. Annar skráði eftirfarandi á blað að ferðalaginu loknu: „Gef mér að það sé þessi árstími (marsmánuður). Landið hvítt og flekkótt á láglendi. Þegar ofar dregur skín sólin og skýin. Ásýnd landsins svipuð og í dag, ekki gott að ráða í veðrið eftir 15 ár. Víða komið nýtt fólk, heldur ekki gott að vita hvað því dettur í hug. Annars hef ég notið ferðarinnar“. Samkvæmt þessu er framtíðin óviss, sem hún vissulega alltaf er, en vindum okkur nú að þeim skilaboðum þar sem fólk leyfði sér að sjá inn í framtíðina.

Framtíðarsýnin einkennist af bjartsýni og lífsgleði. Hún lýsir samfélagi þar sem fólk lifir í sátt og samlyndi, bæði við hvert annað og umhverfið. Mikil áhersla er lögð á **samveru, samheldni og félagsauð**, þar sem hamingja, gleði og framtakssemi ráða ríkjum. Hér er fólk kannski upptekið, en það er yfirvegað og hér ríkir góður andi.

Samheldni og samstaða einkennir lífið í sveitarfélaginu, gleði, metnaður og framkvæmdavilji.

Ýmsir sáu fyrir sér að húsum og íbúum hefði fjölgað, jafnvel upp í 600 manns og þéttbýlin á Reykhólum og í Króksfjarðarnesi væru orðin stærri. Þannig hefði tekist að nýta einstakar auðlindir og gæði svæðisins til jákvæðrar byggðaþróunar og þá sérstaklega heita vatnið.

Hér á eftir er gerð tilraun til að draga saman það sem fólk skráði niður að framtíðarferðinni lokinni. Tekið skal fram að þetta eru skilaboð einstakra þátttakenda, sem stundum kunna að stangast á. En einhvern veginn svona gæti lífið í Reykhólahreppi verið, árið 2040.

*Í **Flatey**, er það ennþá gamla byggðin sem laðar að, ásamt iðandi fuglalífi. Sýn á **hægan takt, rólegt líf og kyrrð** er afgerandi, en ferðamönnum hefur fjölgað. Ef til vill er þar nú endurvakin byggð, með fleiri húsum og blómstrandi verslun og þjónustu. Greiðfærar gönguleiðir, sem fætur aldanna hafa markað, eru nú merktar með söguspjöldum og hæglætis fólk hugar að húsum sínum. Sjá má marga báta og fólk dansandi og syngjandi.*



Það er bjart yfir öllu, enda sólríkur sumardagur. **Þéttbýliskjarnar innan sveitarfélagsins iða af mannlífi** og fólk kemur saman og gleðst yfir lífinu. Allt er friðsamlegt en samt fullt að gerast á sama tíma og fallegt landslag í sveitinni skartar sínu fegursta. Fólk á öllum aldri nýtur lífsins og er hamingjusamt í litríku og fallegu umhverfi. Götur og gangstéttir, hús og garðar eru vel hirt og víða eru börn að leik. **Reykhólar eru eftirsóttur staður**, ný hverfi hafa risið með lágreistum byggingum, ásamt verslunarkjarna, nýrri sundlaug og fleiri leikvöllum og byggðin teygir sig frá Reykhólum yfir til Staðar.

Hjúkrunarheimilið Barmahlíð hefur stækkað og tekið miklum stakkaskiptum og er einn af miðpunktum mannlífs í þorpinu. Þar eru nú blokkaríbúðir, garður, heitur pottur og síðast en ekki síst gróðurskáli, „Edenskáli“. Þar kemur fólk saman og blandar geði og gleði á sama tíma eða á meðan það bíður eftir að komast að á heilsugæslunni.

Kominn er **samkomustaður, eða samfélagshús**, þar sem fram fer fjölbreytt starfsemi og allskyns viðburðir fyrir ólíka aldurshópa. **Samfélags gróðurhúsið**, sem ef til vill er í miðju þorpinu, er fullt af alls kyns grænmeti, káli, kryddjurtum og ávöxtum. Það er með áföstu kaffihúsi og ýmist situr fólk við kaffiborð og spjallar um allt mögulegt, eða að hópur fólks er að vinna saman í ræktuninni. Einnig er orðið algengt að fólk rækti grænmeti í sínum eigin gördum.

Félagslíf í Reykhólahreppi blómstrar sem aldrei fyrr og nú er orðið til leikfélag og leikhús og hópur af fólki er á kóræfingu. Meðal annars er boðið upp á tónlistarskemmtanir í Djúpadal af og til og þar er frábær gistiaðstaða.

Gott og nærandi mannlíf leynir sér ekki. Leikvöllum hefur fjölgað og þar eru börn að leik og stundum úti á sokkunum að hlaupa á milli húsa. Fullorðnir á göngu eða hjólandi, að spjalla og hafa gaman saman. Í þessu iðandi mannlífi er alltaf sól og blíða í hjörtum íbúanna.

Í Króksfjarðarnesi hefur byggðin verið endurvakin og þar er nú blómlegt þorp, mörg hús og mikið líf. Þar er mikið um að vera og einnig hafa fleiri sveitabær lifnað við aftur.

Gufudalssveit blómstrar og þangað sækir fólk mikið til útivistar. Ef til vill má sjá vindmyllur uppi á Garpsdalsfjalli.



Fólk sinnir **fjölbreyttum störfum og nýting heita vatnsins hefur skapað ný atvinnutækifæri**, sérstaklega í ferðaþjónustu. Þar ber hæst nýtt baðlón og stórt hótél með góðum veitingastað. Í baðlóninu er boðið upp á ýmsar meðhöndlunir, til dæmis sjávarböð, þaraböð, leirböð, nudd og heita potta. Fólk í baðsloppum gengur um, með sælusvip á andliti. Einnig er komið hótél á Ingunnarstaðaflóanum og heilsuhótél við Einireyki. Víða er boðið upp á matvæli úr héraði, sérstaklega grænmeti. Í fjarðarbotninum eru fallegar sumarhúsabyggðir.

Sjá má rútur í röðum **á leið með túrista í ferð** og kona fer með lítinn hóp af ferðamönnum í sögugöngu um Reykhóla. Hlunninda- og bátasafnið er flott og boðið upp á siglingar um fjörðinn.

Landbúnaður lifir góðu lífi og bændur við heyskap og ef til vill er komið blómlegt landeldi.

Aðstæður til affreyningar hafa batnað til muna og nýtast bæði heimafélki og gestum. Þar má nefna kajaka, aðstöðu fyrir vatnasport, stærri sundlaug með fallegt útsýni og sjóböð með aðgangi í sjóinn og steiptum pottum. Á góðum degi, fer fólk að spila golf á nýjum golfvelli, sem ef til vill er staðsettur í Geiradalnum.

Bættir innviðir hafa haldist í hendur við fjölgun íbúa. Búið er að malbika fleiri götur og gangstéttir og vísir að miðbæ er í uppbyggingu. Búið er að leggja nýjan veg frá Skálanesi fyrir ofan Reykhóla yfir Berufjörð, upp milli Hafrafells og Borgar og það eru góðir vegir um alla sveit. Kominn er flugturn á flugvöllinn.

Í Reykhólahreppi er **mikið ósnortið land, náttúra og fuglalíf sem er hugsað vel um**. Fólk sem lifir í sátt við umhverfið sitt og umhverfið í sátt við fólkið. Svæðið einkennist af fallegu landslagi og nú eru víða komnir akrar með grænmeti. Ef til vill er kominn þjóðgarður í Múlasveit.

„Ég sá samfélagshúsið á Reykhólum, iðandi af lífi, börn að leika sér og íbúa að skreyta fyrir bæjarhátíð.“



15. Að lokum

Þegar boðið er til samtals, líkt og á íbúáþingum við upphaf verkefnis Byggðastofnunar *Brothættar byggðir*, felst í því skuldbinding. Það skiptir máli að þau sem taka þátt viti hvort og að hve miklu leyti, eitthvað verður gert með skilaboð íbúanna.

Á sjöunda áratugnum komu fyrst fram hugmyndir erlendis um svokölluð „Stig þátttöku“, sem vísa til þess hversu mikil völd er verið að setja í hendur þeirra sem boðið er að borðinu. Það er þá allt frá því að bjóða eingöngu til upplýsingafunda, þar sem ekki er svigrúm til að gera neitt með það sem fólk hefur fram að færa og til þess að setja endanleg völd í hendur þátttakenda. ILDI vinnur eftir alþjóðlegum grunngildum og siðareglum, sem meðal annars vísa til þessara stiga þátttöku.²⁰



Við upphaf verkefnisins á Raufarhöfn, árið 2013, var ákveðið að miða við þriðja stig „virkja“. Það þýðir að verkefnisstjórn nýtir það sem fram kemur á íbúáþingi, til að skilgreina þá valkosti sem skoðaðir eru við gerð verkefnisáætlunar, sem í tilviki Reykhólahrepps er til fimm ára. Því er loforð til íbúa og hagaðila skilgreint þannig að það sem fólk hefur bæði áhyggjur af og metnað fyrir, er allt tekið til skoðunar. Skilaboð íbúáþings eru þó ekki „óskalisti“ og það er í höndum verkefnisstjórnar að velja og hafna og stilla upp verkefnisáætlun, sem síðan er lögð fyrir íbúafund. Auk skilaboða í búáþings byggir verkefnisáætlunin á stöðugreiningu. Verkefnisstjórnin lofar líka að upplýsa þær stofnanir sem standa að verkefninu, þ.e. Fjórðungssamband Vestfirðinga / Vestfjarðastofu, Reykhólahrepp og Byggðastofnun, um skilaboð íbúa, sem og stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál. Einnig, eftir því sem við á, að koma niðurstöðunum á framfæri við stofnanir og fyrirtæki sem hafa áhrif á þjónustustig og þróun viðkomandi byggðarlags. Markmiðið er að sem flestir sem höndla með málefni sem varða Reykhólahrepp, séu upplýstir um stöðuna og hug íbúa. Þetta loforð gildir meðan unnið er að verkefninu og haldnir eru árlegir íbúafundir til að fara yfir árangur og aðlaga verkefnisáætlunina, þannig að hún sé lifandi plagg. Einnig eru veittir árlegir styrkir til frumkvæðisverkefna íbúa, sem hafa skilað mjög jákvæðum árangri í þeim byggðarlögum sem tekið hafa þátt í *Brothættum byggðum*, til þessa.

Á þessu má sjá að árangur verkefnisins sem nú er að hefjast í Reykhólahreppi, „Fjársjóður fjalla og fjarða“, er að verulegu leyti í höndum íbúa og þeir eru hafðir með í ráðum allan tímann.

Staðan í Reykhólahreppi er á ýmsan hátt óvenjuleg, þegar horft er til sambærilegra byggðarlaga. Stærsta auðlind svæðisins, heita vatnið, hefur rennt stoðum undir atvinnulíf og byggð, enda varð þorpið á Reykhólum til vegna uppbyggingar þörungaverksmiðjunnar á áttunda áratugnum, sem nýtti og nýtir heita vatnið. En um langa hríð hafa íbúar kallað eftir betri nýtingu á vatninu, sérstaklega affallsvarma frá verksmiðjunni og Norðursalti og þeim svíður sárt að sjá tækifæri glatast með hverjum lítra af heitu vatni, sem rennur út í sjó. Framundan eru breytingar á vegum Orkubús Vestfjarða sem vekja vonir um nýja möguleika til nýtingar vatnsins. Með mælingu á afkastagetu verður hægt að meta hver tækifærin eru til aukinnar nýtingar, þ.m.t. á affallsvarma.

Á þinginu kom fram að íbúar vinni mikið og ekki óalgengt að fólk sé í tveimur til þremur störfum. En draumurinn um framtíðina er draumur um annars konar líf, þar sem ríkir gott jafnvægi milli atvinnu og einkalífs. Að fólk sé ekki

²⁰ International Association for Public Participation (2024)

bara að lifa til að vinna, heldur að vinna til að lifa. Til að svo megi verða, þarf aukið framboð af afþreyingu og það þarf fleira fólk, gjarnan fólk sem festir rætur. Á þinginu voru viðraðar ýmsar hugmyndir um afþreyingu og frístundamöguleika, sem endurspeglu þennan draum um ríkulegra líf.

Aldrei á íbúðapingi í verkefninu *Brothættar byggðir*, hefur farið fram jafn einlæg og hreinskiptin umræða um allt það sem íbúar geta sjálfir lagt af mörkum til að skapa gott samfélag. Þar var meðal annars rætt um jákvæð viðhorf, vandaða framgöngu, virðingu og uppbyggileg samskipti. Það má því draga þá ályktun að stór hluti íbúa Reykhólahrepps sé meðvitaður um að þau skapa sjálf sitt samfélag.

En það vantar aðstöðu fyrir félagslíf og samveru og kom fram að með ákveðnum breytingum megi hugsanlega nýta aðstöðu sem þegar er til staðar. Um þetta er sterkt ákall frá íbúum.

Þrír stærstu vinnustaðirnir í sveitarfélaginu, eru Þörungaverksmiðjan, Reykhólaskóli og Hjúkrunar- og dvalarheimilið Barmahlíð. Það vekur athygli, hversu oft Barmahlíð bar á góma í tengslum við jákvæðar hugmyndir til að efla samfélagið og auka gleði íbúa. Má þar nefna hugmyndir um ylrækt eða gróðurskála og þá e.t.v. samfélagsgróðurhús, við Barmahlíð. Kallað var eftir eflingu og stækkun heimilisins og rætt um að endurvekja Barmahlíðardaginn, sem var viðburður á sumardaginn fyrsta. Meira að segja börnin í grunnskólanum vildu veg Barmahlíðar sem mestan.

Samfélagið í Reykhólahreppi stendur á tímamótum, sem má lýsa þannig að komið sé að því að „uppfæra“ forsendur byggðar, til nýrra tíma. Að á næstu árum þróist samfélagið í þá átt að geta boðið upp á líf sem mætir þörfum nútímafólks sem vill blómstra á fleiri vegu en eingöngu í gegnum vinnu. Þannig geti ríkt jafnvægi, gleði og kraftur.

Eftir því sem leið á þingið og fleiri málefni voru rædd, fór að heyrast: „Þetta tengist allt“. Þar var vísað til nýsköpunar í atvinnulífi til að skapa fjölbreyttari störf og laða að fleira fólk. Til þess þarf húsnaði og aðstöðu, en auknir möguleikar á nýtingu heita vatnsins er stærsta einstaka hagsmunamálið fyrir framtíð samfélags og byggðar í Reykhólahreppi.

Þannig er stærsta tækifæri Reykhólahrepps rétt innan seilingar og með krafti og gæðum samfélagsins, mun byggðin blómsta, vegna „fjársjóðar fjalla og fjarða“.



16. Heimildir

Bæjarins besta (2022, 18. febrúar). *Þörungamiðstöð Íslands á Reykhólum*
<https://www.bb.is/2022/02/thorungamidstod-islands-a-reykholum/>

Bátadagar á Breiðafirði (e.d.). *Facebook*. Sótt 9. maí 2025 af
<https://www.facebook.com/p/B%C3%A1tadagar-%C3%A1-Brei%C3%B0afir%C3%B0i-100069816222826/>

Byggðastofnun (2017). *Brothættar byggðir. Verkefnislýsing, útgáfa 2.2.*
https://www.byggdastofnun.is/static/files/Brothaettar_byggdir/verklýsings/verkefnislysing-brothaettra-byggda-utg.2.2-juni-2017.pdf

Byggðastofnun (2022, 18. febrúar). *Byggðastofnun og Dalabyggð í samstarf um uppbyggingu atvinnuhúsnæðis*. Sótt 9. maí 2025 af <https://www.byggdastofnun.is/is/frettir/byggdastofnun-og-dalabyggd-i-samstarf-um-uppbyggingu-atvinnuhusnaedis>

Ferdalag.is (e.d.). *Kollabúðir Þorskafirði*. Sótt 9. maí 2025 af <https://www.ferdalag.is/is/ahugaverdir-stadir/saga-og-menning/kollabudir-thorskafirdi>

International Association for Public Participation (2024). *IAP2 Spectrum of Public Participation*.
https://cdn.ymaws.com/www.iap2.org/resource/resmgr/pillars/iap2_spectrum_2024.pdf

Ísland.is (e.d.). *Lýðheilsa*. Sótt 9. maí 2025 af <https://island.is/lydheilsa>

Kjartan Þór Ragnarsson (2024). *Auðlindanýting og orkuskipti í Reykhólahreppi; stöðugreining, sóknarfæri og áherslur aðgerða*. Reykhólahreppur.

Oddbjarnarsker (e.d.). *Wikipedia*. Sótt 9. maí 2025 af <https://is.wikipedia.org/wiki/Oddbjarnarsker>

Open Space World (e.d.). Sótt 9. maí 2025 af <http://www.openspaceworld.org/>

Reykhólahreppur (e.d.). *Gatnagerðargjöld*. Sótt 9. maí 2025 af
<https://www.reykholar.is/is/moya/extras/gjaldskrar/gatnagerdargjold>

Reykhólahreppur.com (e.d.). *Börnin: Börn í Reykhólahreppi lesa upp ljóð eða sögur*. Sótt 9. maí 2025 af
<https://reykholarheppur.com/bornin>

Reykhólahreppur, eldri vefur (e.d.). *Sumardagurinn fyrsti – Barmahlíðardagurinn*. Sótt 9. maí 2025 af
https://gamli.reykholar.is/frettir/Sumardagurinn_fyrsti_-_Barmahlidardagurinn_2/

Sjúkraflutningaskólinn (e.d.). *Vettvangshjálpm EMR – 40 tímar*. Sótt 9. maí 2025 af
<https://www.ems.is/is/namid/vettvangshjalm-emr-40-timar>

Þingskjöl um þörungavinnslu við Breiðafjörð (1973). Lög nr. 107/1973.
<https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-eftir-thingum/ferill/94/101/?ltg=94&mnr=101>

Þjóðviljinn (1959, 11. nóvember). *Virkisvetur Björns Th. er kominn út*.
<https://timarit.is/page/2786389#page/n11/mode/2up>

Þörungaverksmiðjan hf. (e.d.). *Um okkur/saga*. Sótt 9. maí 2025 af https://www.thorverk.is/um_okkur/.